



**WOLF Geräte**

Garðsláttuvélar  
Sláttuorð  
Mosatætarar  
Grasklippur

**PÓR**  
ARMÚLA 11 - SÍMI 681500

Talaðu við okkur um  
**BÍLARÉTTINGAR**  
**BÍLASPRAUTUN**

**Varmi**  
Auðbrekku 14, sími 64 21 41

**KÚPLINGAR**

ORIGINAL  
ÖRUGGAR  
ÓDÝRAR

**Stilling**  
SKEIFUNNI 11 • SÍMI 67 97 97

**Gefins**

Nýr dálkur í smá-  
auglýsingum DV:

**Gefins**

Á miðvikudögum  
getur þú auglýst  
ókeypis þá hluti sem  
þú vilt gefa í allt að  
4 lína smáauglýsingu.

Gleymdu ekki að  
lesa smáauglýsingar  
DV á miðvikudögum.  
Til að léttu símaálag  
bendum við á bréfa-  
síma DV, 63 27 27, og  
að sjálfsgöðu getur  
þú sent okkur  
auglýsinguna í pósti.

**SMA**  
AUGLÝSINGAR  
**DV**

Þverholti 11 - 105 Reykjavík  
Sími 632700 - Bréfasími 632727  
Græni síminn: 99-6272  
(fyrir landsbyggðina)

Íslenskur samtímaskúlptúr á Kjarvalsstöðum:

# Hugmynd og form fallast í faðma

Í tilefni af Listahátíð í Reykjavík opnuðu Kjarvalsstaðir á laugardag sýningu á íslenskrum samtímalist með aðaláherslu á höggmyndalistina. Glögg dæmi um breyttar áherslur í höggmyndalist er einmitt að á sýningunni er í rauninni enga „höggmynd“ að finna. Sjálfst hugtakið er fagurfræðileg skilgreining sem tilheyrir

## Myndlist

Ólafur J. Engilbertsson

fremur nítjándu öldinni en þeirri tuttugustu. Í byrjun þessarar aldar fór fram listrænt uppgjör sem tengdist stórborgarmenningu og styrjaldarrekstri sunnar í álfunni og skilaði sér í reynd ekki hingað norður í Dumbshaf fyrr en á sjötta og sjöunda áratugnum í konkretmálverki og hugmyndalist. Þessir tveir framúrstefnumeiðar elduðu grátt silfur á sínum tíma en virðast ná að nokkru saman í verkum þeirrar kynslóðar er hér sýnir og kom fram að gengnum tímabilum konkretmálverks og hugmyndalistar. Nú fallast formræn fagurfræði og heimspekileg hugmyndalist í faðma í sérhönnuðum innsetningum.

### Rýmisvitund og kassagerð

Ef hægt er að tala um sameiginlegan þráð á sýningunni þá er það helst rýmisvitundin. Hverjum og einum hinna tuttugu og níu sýnenda er ætlað afmarkað rými og flestir ef ekki allir nýta það sem sameiginlegan vettvang lista-  
verks og áhorfanda. Í langsamlega flestum tilvikum myndi verkið gerbreystast við að skipta um rými og fá önnur viðmið og skírskotani. Sá sem gengur hvað lengst í að bjóða áhorfandanum að ganga inn í verk sitt er Þorvaldur Þorsteinsson og er verk hans talsvert frábrugðið því sem hann hefur áður gert. Þar er um að ræða ítarlega úttekt í ljósmyndum og texta á búnaði og tækjakosti slökkviliðsmanna ásamt persónulegum upplýsingum og uppsetningu á fremur hrörlegri en heimilislegri starfsaðstöðu þeirra. Aðrir láta sér nægja að búa til skápa (Steingrímur Eyfjörð, Guðrún Hrönn, Daníel Magnússon) til að vísa til viðtekinnar tilhneigingar í nútímasamfélögum til kassagerðar. Þar



Eitt af verkunum á sýningunni að Kjarvalsstöðum.

koma jafnframt persónulegri nótur inn í dæmið. Verk Steingríms minnir þannig á skriftastól og minnisvarði Daníels um Snorra Sturluson hefur sömuleiðis yfir sér vissan helgibla. Þetta eru hugmyndaverk sem hafa sterkar formrænar áherslur þar sem humor er lykilatriði. Þórdís Alda Sigurðardóttir og Anna Lindal ganga þannig hreint til verks með hið fornkeðna stefnumót saumavélar og regnhlífar á skurðarborði á bak við eyrað.

### Visindaleg formerki

Gagnstætt fyrrnefndum skápum er hinn hvítí kassi Ólafs Gíslasonar formræn stúdía sem sækir inn á svið hugmyndalistar undir visindalegum formerkjum. Svipað má segja um litaprufur Ívars Valgarðssonar sem eru líkt og form- og fagurfræðileg réttlætning innsetningar hans á

málningardósum og penslum. Rúrí leggur áherslu á hina visindalegu hlið myndlistariðkunar með því að byggja verk sín alfarið upp með tommustökum. Hjá Finnoga Péturssyni eru það hljóðvisindin sem mynda í reynd rýmið en fjórar ferstrendar hátalarasúlur er mynda verkið „Áttir“ eru fremur nálgun hugmynda-  
við form en ófugt. Af þessu má sjá að þótt nálgun listamannanna sé gerólik verður heildarnið-  
urstaðan oft keimlík; eins konar sáttargjörð við rýmið hverju sinni. Jafnvel Svava Björnsdóttir leitast við að skapa pappírsverkum sínum sér-  
tækt rými þótt útfærsla þeirra krefjist þess ekki fljótt á lítið. Í sama tilgangi útfæra Halldór Asgeirsson og Brynhildur Þorgeirsdóttir eld-  
virknitengd verk sín utan dyra. Sýning þessi á samtímaskúlptúr stendur til 24. júlí.

## Sviðsljós



Á hvítasunnukappreiðar Fáks mætti fjöldi fólks víða af landinu. Þeirra á meðal Stokkseyringarnir Hafsteinn Jónsson til vinstri og Jens Petersen.



Elisabet Reinhardsdóttir, Einar Ragnarsson og Guðmundur Einarsson.

**VERÐLAUNASAMKEPPNI**  
Mig vantar nafn!



Mín tillaga er: \_\_\_\_\_

Nafn: \_\_\_\_\_

Heimili: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_

**Bónus Radió**

**98.9**  
BYLGJAN

**DV**

Ákveðið hefur verið að efna til verðlaunasamkeppni um nafn á Bónus Radió-karlinn. Dómnefnd mun síðan velja bestu tillöguna. Æskilegt er að nafnið tengist eða geti á einhverni hátt tengst verðlaginu í Bónus Radió, sem er lægra en alengt er. Komi fleiri en ein tillaga að því nafni sem verður valið, verður hlutkesti látið ráða um hver hlýtur 1. verðlaunin, sem eru vandað 29" Samsung Nicam Stereo-sjónvarpstæki með 40W magnara, ísl. textavarp, aðgerðsýringu m á skjá og þröðl. fjarstýringu, auk margs annars. Einnig verða 15 ferðaúvarps tæki í aukaverðlaun. Síðasti skiladagur er 6. júní og verðauðrúll tilkynnt í þætti Önnu Bjarkar á Bylgjunni, fimmtudaginn 9. júní

**SAMSUNG** 1. verðlaun eru  
29" Nicam Stereo-  
sjónvarpstæki með ísl. textavarp

Vinsamlegast sendið tillögurnar til:  
Bónus Radió,  
Grensásvegi 11,  
108 Reykjavík.  
Munið! Síðasti skilafrestur er 6. júní 1994.